

REGLUR

um frístundastyrki fyrir íbúa, 67 ára og eldri, í Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Markmið með niðurgreiðslum er að hvetja eldri Hafnfirðinga til þátttöku í heilsuefandi íþróttar- og tómstundastarfi og efla almennt heilbrigði og hreysti þessa aldurshóps.

2. gr.

Niðurgreiðslur ná til félaga og viðurkenndra aðila sem eru með skipulagða kennslu/þjálfun. Fjárhæð niðurgreiðslna er 4.000 kr. fyrir hvern iðkanda á mánuði eða allt að 48.000 kr. í heildargreiðslu á árinu.

Niðurgreiðslur eru tekjutengdar og eru veittar til einstaklinga sem eru með tekjur samkvæmt skattframtali 2022, að 442.912 kr. á mánuði. Tekjuviðmið fyrir hjón er 575.786 kr. á mánuði. Tekjuviðmið taka breytingum árlega miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

Árgjald/félagsgjald er greitt í einu lagi gegn framvísun greiðslukvittunar og þarf að berast fyrir árslok þess árs sem gjaldið nær yfir.

Berist greiðslukvittanir ekki fyrir tilskildan tíma fellur greiðslan niður.

3. gr.

Skilyrði fyrir veitingu styrks er:

Iðkandi eigi lögheimili í Hafnarfirði.

Verði 67 ára á árinu eða eldri.

Stundi íþróttar-/tómstundastarf sem stuðli að betri heilsu og hreysti.

Framvísun frumrits af greiðslukvittunum þáttökugjalds iðkanda á tilskildum tíma.

Sé undir tekjuviðmiðum, sbr. 2. gr.

4. gr.

Sækja skal um frístundastyrk á mínum síðum hjá Hafnarfjarðarkaupstað. Með umsókn þarf að skila:

skattframtali síðasta árs,

frumriti af greiðslukvittun þáttökugjalds fyrir viðkomandi iðkanda eigi síðar en tveim mánuðum eftir að þátttöku í kennslunni/þjálfuninni lýkur.

Niðurgreiðsla er greidd inn á reikning iðkandans innan tveggja mánaða frá samþykkt.

5. gr.

Reglur þessar eru settar með stoð í X. kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Reglur þessar voru samþykktar í fjölskylduráði 30. apríl 2024.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn 8. maí 2024.

Reglur þessar öðlast gildi 15. júní 2024. Jafnframt falla úr gildi reglur um frístundastyrki, 67 ára og eldri, í Hafnarfirði sem samþykktar voru í bæjarstjórn 10. júní 2020.

Hafnarfirði, 17. maí 2024.

Guðlaug Ósk Gísladóttir sviðsstjóri.